

flytja það eða ef hann vill láta fjárhaldsmann sinn, frænda eða þjón gjöra það. Og noti maður einhvern þessara manna, er engin heimild til að krefjast sérstakrar löggildingar handa þeim til að mæta í yfirdóminum. Með því nú að hinn mætti verzlunarstjóri hins stefnda verður að teljast þjónn hans, eins og skilja ber þetta orð í N. L. 1—9—14, þá gat stefndi, samkvæmt því er áður hefir verið tekið fram, látið hann mæta fyrir sína hönd í réttinum án löggildingar, og voru því mótmæli mótpartsins gegn komu hans í réttinn eigi á rökum byggð, og verður krafan af hans hendi eigi tekin til greina, en umboðsmanni stefnda ber að veita umbeðinn frest til andsvara.

Því úrskurðast:

Mótmæli áfrýjanda gegn umboðsmanni stefnda eru eigi tekin til greina, og veitist umboðsmanninum hálfsmánaðarfrestur í málinu til andsvara.

Nr. 18/1902:

Réttvísinn  
gegn  
Guðmundi Árnasyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Suður-Múlasýslu, uppkveðnum 1. marz þ. á., var hinn ákærði Guðmundur Árnason, sjómaður á Nesi í Norðfirði, dæmdur fyrir hlutdeild í brennu samkvæmt 282.

og 283. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 4 ára tyftunarkrífingu og til að greiða allan sakarkostnaðinn, þar með talin málsvarnarlaun í héraði 5 kr. Þessum dómi hefir verið skotið til yfirréttarins af hálfu valdstjórnarinnar.

Atvik málsins eru þessi, eftir skýrslu ákærða, en á henni verður yfirleitt að byggja, enda kemur hún eigi í bága við aðrar upplýsingar í málinu. Ákærði hafði í 2 vetur, 1898—1899 og 1899—1900 verið hjú Jóns nokkurs Guðjónssonar á Reykjum í Mjóafirði, en Jón þessi bjó þá í timburhúsi, sem hann átti fyrir innan Reyki og kallað var Melahús eða á Melum. Sumarið 1901 bjó Jón Guðjónsson þó ekki í húsinu, heldur á Reykjum. Þetta sumar fór ákærði að Reykjum til að krefja Jón Guðjónsson um skuld; við það tækifæri fóru þeir inn að Melum (Melahúsinu), og talfærði Jón það þá við ákærða, að hjálpa sér til þess að kveikja í húsinu til þess að brenna það, og lofaði ákærði því þá. Nokkru síðar gjörði Jón Guðjónsson ákærða boð um að koma heim til sín og fór ákærði þá að Reykjum að kveldi dags 27. sept. f. á. Nóttina eftir fóru þeir, ákærði og Jón, inn að Melum, og hafði Jón með sér eldspýtur, steinolíu og strigatuskur í poka. Þegar þeir komu að Melum fór Jón niður fyrir húsið til þess að gæta að, hvort það væri lokað, eftir því sem hann sagði, en ákærði beið á meðan fyrir ofan húsið. Þegar Jón var aftur kominn til ákærða, reisti hann stiga upp við húsið og boraði gat á þakið með sveifar-

bor, sem þeir höfðu meðferðis, en ákærði rétti Jóni borinn; tróð hann síðan tusku vættri í steinolíu í gatið og kveikti í með eldspyttu, en það kviknaði eigi í húsinu við þessa tilraun. Þá borði Jón göt á þrem stöðum á húshliðinni, tróð í steinolíuvættum strigatuskum, og kveikti í þeim; kviknaði þá í húsinu. Þegar þeir Jón og ákærði sáú, að kviknað var í húsinu, svo að logaði, stukku þeir í burtu. Ákærði tjáist þó hafa viljað snúa aftur, er hann sá að logaði í húsinu, til þess að vekja fólkið, sem í því var, en Jón aftraði honum frá því, og bannaði honum það, og varð þá ekkert af því. Húsið var hespað aftur að utanverðu, en það segist ákærði ekki hafa vitað. Fólkið, sem inni var í húsinu, 12 manns að tölu, var í svefni, er verkið var unnið, en vaknaði viðsnarkið í eldinum, og komst út með því að sprengja eða spenna upp útidyrnar, og tókst því svo að slökkva eldinn á hér um bil klukkutíma. Húsið var vátrygt, og má ætla, að Jón Guðjónsson hafi framið glæp þenna til þess að ná í vátryggingarféð, en skýrsla hans hefir eigi fengist í málinu, með því að hann fyrirför sér, áður en sýslumaður næði í hann. Hinn ákærði vissi, að ýmislegt fólk bjó í húsinu, og að það var í svefni, þegar þeir frömdu glæpin, og hlaut hann því að sjá, að mönnum var háski búinn af eldinum, þótt hann eigi vissi, að húsið var hespað aftur að utan.

Þetta afbrot hins ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefir áður verið

